

130 **10. nóv.** **Ágrip af brjefi landshöfðingja til stiptsýfirvaldanna um viðbótarlán handa prestakalli.** — Með brjefi þessu var leyft að taka 200 kr. lán handa Sanda-
prestakalli í Dýrafirði til húsabyggingar í viðbót við lán það, er leyft var að
taka með landsh.br. 1. júlí 1891 (Stjt. 1891 B bls. 98) með sömu kjörum og
skilyrðum og aðallánið, að því viðbættu, að greiðslu viðbótarlánsins verði lokið
jafnsnemma og greiðslu aðallánsins, og að húsinu sje eptirleidis haldið í 2500
kr. váttryggingu.

131**Yfirlit**

yfir efnahag sýsluvegasjóða í Austuramtinu 1891.

1. Norður-Þingeyjarsýsla.

	Tekjur:	Kr.	a.
1. Eign frá f. á.		35,51	
2. Sýsluvegagjald		— 323,96	359 47
	Gjöld:		
1. Vegabótakostnaður		315,00	
2. Eign til næsta árs		— 44 47	359 47

2. Norður-Múlasýsla.

	Tekjur:		
1. Sýsluvegagjald			1196 64
	Gjöld:		
1. Berguð skuld sjóðsins frá f. á.		Kr. 23,76	
2. Vegabótatakostnaður		— 1007,25	
3. Eign til næsta árs		— 165,63	1196 64

3. Suður-Múlasýsla.

	Tekjur:	Kr.	
1. Eign frá f. á.		122,33	
2. Sýsluvegagjald		— 1232,38	1355 71
	Gjöld:		
1. Vegabótakostnaður		563,85	
2. 1/2 sýsluvegagjald gengur frá samkvæmt 3. gr. laga, 10. nóv. 1887, um vegi		— 616,69	
3. Eign til næsta árs		— 175,17	1355 71

Íslands norður- og austuramt, Akureyri 26. nóvbr. 1892.

Í fjarveru amtmanns J. Havsteen

Kl. Jónsson,
settur.

LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

4. nóv. veitti konungur sóknarpresti að *Hólumum í Suður-Múlaprófastsdæmi*, þræp.
hon. *Daniel Halldórssyni*, samkvæmt beiðni hans, lausn í náð frá embætti sínu, með eptirlaun-
um samkv. eptirlaunalögunum.

HEIÐURSMERKI.

2. nóv. var forstöðumaður prestaskólans, *Helgi Hálfðánarson*, r. af dbr., af konungi
sæmdur *heiðursmerki dannebrogsmanna*.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Hólmar í Suður-Múlaprófastsdæmi; brauðið er metið 1937 kr. 81 a.; veitist frá far-
dögum 1893; auglýst 10. desbr. 1892. Uppgjafaprestur er í brauðinu, sem nýtur eptirlauna
af því samkv. eptirlaunalögunum.